

## Stjórnarfundur GHG 11. desember 2013 kl. 17:00

Mættir voru: Auðunn Guðjónsson formaður, Össur Friðgeirsson, Þorsteinn Ómarsson, Ásta Ásgeirsdóttir, Sigrún Arndal, Alfreð Maríusson, Páll Sveinsson.

1. Auðunn rifjar upp áherslupunkta frá aðalfundi:
  - Formfestu á fundum
  - Skýrar niðurstöður og bókanir af fundum
  - Vinnusemi stjórnarliða
  - Sátt um störf stjórnar/klúbbsins
  - Umfram allt á þetta að vera skemmtilegt!
  - Formgera samstarf nefnda og stjórnar
  - Hver og ein nefnd geri starfsáætlun, að nefndir séu með skýrt mótuð hlutverk. Hver nefnd gæfi stöðu á hverjum fundi.
  - Að stjórnarliðar gæti hlutdrægnisreglum, víki ef um er að ræða málefni sem snúa að þeim eða þeirra nánustu.
  - Að stjórnarliðar gæti trúnaðar ef það á við.
  - Tvær nýjar nefndir verði stofnaðar: Útbreiðslu- og skemmtinefnd annars vegar og afreksnefnd hins vegar.
  - Stofnað verði fjármálateymi um reksturinn, skipað formanni, framkvæmdastjóra og gjaldkera.
  - Góður félagsandi mikilvægastur!
2. Stjórn skiptir með sér verkum:
  - Alfreð verði varaformaður, Össur gjaldkeri og Páll ritari.
  - Forgjafar og laganefnd – Alfreð
  - Vallarnefnd – Össur
  - Barna- og unglínganefnd – Páll
  - Kvennanefnd – Sigrún
  - Húsnefnd – Alfreð
  - Útbreiðslu- og skemmtinefnd - Ásta
  - Mótanefnd - Þorsteinn
  - Afreksnefnd – Auðunn

Stjórn samþykkir.

- Athugasemd frá Össuri: Virkja varamenn með því að senda varamönnum fundargerðir og virkja þá ef um forföll stjórnarliða ræðir. Stjórn samþykkir að varamenn verði boðaðir á stjórnarfundi og að þeir fái fundargerðir sendar. Ef aðalmenn geta ekki mætt þarf að tryggja að varamaður mæti.
  - Varamenn eru í þessari röð:  
Ólafur Ragnarsson  
Sveinbjörn Sveinbjörnsson  
Morten Ottesen
3. Skipan í nefndir – fyrri umræða. Tillögur um nefndafólk ræddar. Stefnt að því að nefndir verði skipaða á næsta stjórnarfundi.

4. Starfsáætlanir nefnda – fyrri umræða. Auðunn leggur til að formenn nefnda komi með tillögur að starfsáætlun nefnda, þær lagðar fyrir stjórn og afgreiddar í janúar.
5. Tilnefning vegna kjörs íþróttamanns Hveragerðis. GHG tilnefnir Fannar Inga Steingrímsson.
6. Ákvarðanir aðalfundar.
  - Auðunn sýnir útreikninga á 5% hækkun félagsgjalda. Lagt til að framkvæmdastjóri komi að þeirri umræðu.
  - Hugmyndir um hagræðingu ræddar.
7. Fundartími stjórnarfunda. Auðunn leggur til að stjórn finni sér fasta fundartíma. Fundartími kl. 17:15 á þriðjudögum.
8. Beðið um að fundargerðir ársins 2013 verði sendir á nýja stjórnarliða . Samþykkt.
9. Næsti fundur miðvikudaginn 18. des. Kl. 17:15.

Fundi slitið kl. 18:42